

## Þjálfarar

BFSÍ notar þjálfara menntunar kerfi heimssambandsins WA til að mennta bogfímipjálfara.

Til þess að ná viðkomandi stigi þarf einstaklingurinn að hafa setið viðkomandi námskeið og fengið mat kennara námskeiðsins.

Skilgreining á leiðbeinandastigum BFSÍ:

- 1) Leiðbeinandi: er einstaklingur sem hefur ekki en lokið þjálfaranámskeiði að hluta eða hefur ekki fengið mat.
  - a) Leiðbeinandi 1.1
  - b) Leiðbeinandi 1.2
  - c) Leiðbeinandi 1.3
  - d) Leiðbeinandi 1.4
  - e) Ef kennari metur nemandann hæfann þá fær hann Félagsþjálfara réttindi (WA lvl1).

Skilgreining á þjálfarastigum BFSÍ:

- 1) Félagsþjálfari (WA lvl1): þjálfari nýliða innan íþróttafélags
  - a) Félagsþjálfari 1.1
  - b) Félagsþjálfari 1.2
  - c) Félagsþjálfari 1.3
  - d) Félagsþjálfari 1.4
  - e) Ef kennari metur nemandann hæfann þá fær hann Landsþjálfara réttindi (WA lvl2).
- 2) Landsþjálfari (WA lvl2): þjálfari afreksefna á landsvísu. Getur einnig tekið þátt í alþjóðastarfi sambandsins.
- 3) Alþjóðþjálfari (WA lvl3): þjálfari afreksfólks alþjóðlega. Er einnig krafa til Landsliðsþjálfara. Menntun WA lvl3 (Alþjóðlegrajálfara) er alfarið í höndum heimssambandsins WA.

Skilgreining á kennarastigum BFSÍ:

- 1) Félagsþjálfara kennari (WA Coach Trainer lvl1): Má kenna og gilda Félagsþjálfara (WA lvl1).
- 2) Landsþjálfara kennari (WA Coach Trainer lvl2): Má kenna og gilda Landsþjálfara (WA lvl2).

Menntun þjálfara kennara (World Archery Coach Trainers) er alfarið í höndum heimssambandsins WA.

Þeir einstaklingar sem hafa setið námskeið erlendis hjá WA og hafa fengið mat þar fá sömu réttindi á Íslandi.

(Kostirnir við þessa uppsetningu eru:

- Að þátttakendur þurfa að taka minna frí úr vinnu til að sitja námskeiðin.
- Aukin þáttaka á námskeiðum.
- Aukið magn af leiðbeinendum, sem geta aðstoðað þjálfara við störf í íþróttafélagi (t.d foreldrar)
- Aukin gæði og virkni þjálfara. Þar sem nemendur eru látnir vinna verkefni á milli hluta.
- Þjálfarar eru betur undirbúnir til starfa vegna reynslu sem þeir geta safnað sér á milli námskeiðshluta.

Hægt er að sækja um styrki vegna þjálfaranámskeiða BFSÍ til viðeigandi héraðssamband, íþróttafélags, bæjarfélag og UMFÍ. BFSÍ aðstoðar þátttakendur við umsókn um styrki)